

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Skólastjórafélags Íslands**

41. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 12. maí 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Arnbjörg Stefánsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Grein 2.2.4 Yfirvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.**

Í grein 2.2.4. Yfirvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er fjallað um að skólastjórar og aðstoðarskólastjórar fái greiðslur skv. sínum launaflokki fyrir töflusetta kennsuyfirvinnu upp að hámarkskenndu skv. gr. 1.2.2. Í grein 2.2.4. eða öðrum greinum heildarkjarasamnings er hvergi að finna þann stuðull sem notaður er til að finna út greiðslur í samræmi við orðalag ákvæðisins „greiðslur skv. sínum launaflokki“. Þá er greinanúmerið 1.2.2. sem vísað er til í grein 2.2.4. ekki til í gildandi kjarasamningi. Skv. eldri útgáfum er hér tilvísun í efni sem nú er að finna í grein 1.1.2 Kennsluskylda og grunnröðun.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að grein 2.2.4 hljóði svo:

**2.2.4 Yfirvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra**

Skólastjórar/aðstoðarskólastjórar fá greiðslur skv. sínum launaflokki fyrir töflusetta kennsluyfirvinnu upp að hámarkskenndu skv. gr. 1.1.2. Framangreind yfirvinna skal greidd með tímakaupi í hverjum launaflokk sem er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi stjórnanda.

Öll yfirvinna sem ekki er töflusett greiðist með kr. 5.254 fyrir klst. frá 1. janúar 2020 og kr. 5.386 frá 1. janúar 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:10.

